

122

13. sept.

9. gr.

Verði sú breyting gerð, að hreppabúnaðarfélög verði lögð niður og nýtt fyrirkomulag þeirra mála lögfest, skal umsjón og ábyrgð á sjóðnum falla undir það fyrirkomulag.

Þó skulu allir stjórnendur sjóðsins ávallt vera bændur innan Áshrepps.

10. gr.

Komi það í ljós að álitni stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt samkvæmt 3 gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni, er samþykktar eru með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins.

Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur á sjálfseignarjörðum í Áshreppi.

Aldrei mé skerða höfuðstól sjóðsins.

11. gr.

Leitað skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og síðan birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Ásta M. Bjarnadóttir. Jón Hannesson.

123

14. sept.

G J A L D S K R Á

fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

1. Lendingar- og hafnargjöld.

Fyrir lendingar á landi skal greiða kr. 6.00 á hvert tonn flugvélarinnar fullhlaðinnar allt að 20 tonnum, en kr. 3.00 á hvert tonn, sem þar er fram yfir. Brot úr tonni reiknast sem heilt tonn.

Fyrir lendingar á sjó greiðast $\frac{2}{3}$ ofangreindra gjalda.

Minnsta gjald er kr. 10.00.

2. Flugskýlisleiga.

Fyrir heil flugskýli reiknast ársleiga kr. 36.00 á fermetra. Fyrir hluta úr skýli reiknast leigan kr. 5.00 á fermetra á mánuði, en kr. 50.00 á fermetra á ári, ef leigt er til eins árs í senn eða lengur.

Ef einstakar flugvélar eru teknar til geymslu í skýlum flugvallarins reiknast flugskýlisleiga sem hér segir:

Vængjahaf flugvélar	Leiga á sólarhring	Leiga á mánuði
Undir 12 m	kr. 10.00	kr. 100.00
12—15 —	— 25.00	— 200.00
15—18 —	— 40.00	— 300.00
18—21 —	— 55.00	— 400.00
21—24 —	— 70.00	— 500.00
24—27 —	— 80.00	— 600.00
27—30 —	— 90.00	— 700.00
yfir 30 —	— 100.00	— 1000.00

3. Stæðis- og festargjöld.

123

Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst., en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar 14. sept. af skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

Vængjahaf flugvélar	Leiga á sólarhring
Undir 12 m	kr. 10.00
12—18 —	— 20.00
18—24 —	— 30.00
24—30 —	— 40.00
yfir 30 —	— 45.00

Sé um lengri tíma en viku að ræða, lækka stæðisgjöldin um 50% fyrir þann tíma, sem fram yfir er. Tjóðurhringir skulu vera fyrir hendi á öllum flugvélastæðum. Sjóflugvélar greiði sömu gjöld fyrir að liggja við legufæri sjóflughafnarinnar.

4. Leiga fyrir skemmur og bragga.

Mánaðarleiga kr. 1.75 fyrir fermetra af gólfleti eða sem hér segir:

Stórar vöruskemmur, 300 m ²	kr. 500.00 á mánuði.
Stórir braggar, 110 m ²	— 190.00 — —
Venjulegir braggar, 55 m ²	— 95.00 — —

5. Leiga fyrir steinsteypta fleti.

Ársleiga kr. 2.50 á fermetra.

6. Lóðaleiga.

Ársleiga kr. 2.00—7.00 á fermetra eftir verðmæti lóðarinnar, til hvers hún er notuð og leigutíma.

7. Gjald af flugvélabenzíni.

Af öllu flugvélabenzíni, sem afgreitt er á flugvelli eða frá honum, skal greiða flugvelli gjald sem hér segir:

Á hvern benzinlítra	kr. 0.09
Á hvert benzin-gallon	— 0.41

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. september 1946.

Áki Jakobsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.